

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag IV. áfanga í Fosslandi á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 13. ágúst 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir IV. byggingaráfanga í Fosslandi á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000 þann 6. febrúar 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 2. apríl til 30. apríl 2003 og var athugasemdafrestur til 14. maí 2003.

Engar athugasemdir bárust.

Uppdráttur og greinargerð fyrir deiliskipulagstillögunu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 14. apríl 2004.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur sett sveitarfélaginu samþykkt um hundahald samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Árlega innheimtir sveitarsjóður gjald sem ætlað er til að framfylgja samþykktinni fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir sbr. gjaldskrá þessa.

3. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

- a. Almennt gjald er 6.000 kr. á ári. Hundahreinsunargjald innifalið.
- b. Handsömunargjald er 3.000 kr. í fyrsta sinn, 6.500 kr. í annað sinn.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar á fundi hennar þann 15. janúar 2004 og öðlast þegar gildi.

Laugum, 19. apríl 2004.

Sveitarstjórinn í Þingeyjarsveit,

Jóhann Guðni Reynisson.